

Sjónvarpið
Fréttir 19:00

Fréttamaður: Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir

Fréttamaður: Ágúst Ólafsson

Tími: 00:01:23

Fasteignasali á Akureyri telur að jafnvægi myndist á fasteignamarkaði þar á næstu misserum

Fasteignasali á Akureyri telur að jafnvægi myndist á fasteignamarkaði þar á næstu misserum. Mest muni um tvö ný íbúðahverfi þar sem gert er ráð fyrir að byggðar verði tæplega eitt þúsund og þrjú hundruð íbúðir.

Mikil sala hefur verið á fasteignamarkaðnum á Akureyri undanfarna mánuði og slegist um flest allar eignir sem koma á söluskrá. Þannig sjást nú verð á íbúðarhúsum sem Akureyringar eiga ekki að venjast og eignir seljast talsvert yfir ásettu verði.

Arnar Birgisson, fasteignasali hjá Eignaver: Ef að salan er orðin mikil þá náttúrulega myndast skortur. Það selst allt, þetta hefur gerst á undanförunum mánuðum, mikil sala.

En hann telur að nú sé breyting fram undan og aukið framboð á eignum sem þýði að meira jafnvægi myndist á markaðnum.

Arnar Birgison: Þetta mun jafna sig út, klárlega því að við finnum fyrir því. Akureyrarbær hélt nú góðan fund



CREDITINFO

- forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is

hérna um daginn í Hofi með aðilum sem svona tengjast fasteignamarkaðnum og þar kom skýrt fram að það á að reyna að hraða uppbygginu lóða í bænum og það er mikill vilji allra að gera það.

Auk þéttingar byggðar og fjölgun íbúa þess vegna segir Arnar muna mestu um tvö ný íbúðahverfi sem nú sé í vændum. Búið er að úthluta fyrstu lóðum í Holtahverfi norður sem eiga að verða byggingarhæfar næsta vor. Þar er gert ráð fyrir allt að þrjú hundruð íbúðum. Þá hafa verið kynnt drög að deiliskipulagi fyrir tæplega eitt þúsund íbúðahverfi vestan Borgarbrautar í framhaldi af Giljahverfi.

Arnar Birgisson: Ég óttast ekki skort á eignum svona næstu tvö, þrjú ári því það er mikið fram undan hjá Akureyrarbæ.



CREDITINFO

- forskot í krafti þekkingar

Handrit eru gefin út af Creditinfo

Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 550 9600 | Fax 550 9601 | <http://www.creditinfo.is>

Ósamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið fmv@creditinfo.is